

Námsáætlun fyrir íslensku - 8. bekkur skólaárið 2023 – 2024



Kennari: Auður Vilhelmsdóttir og Jóhanna Pálsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku (4 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Skólaárið 2022-2023 verður verkefnið Bræðingur á unglingastigi en það er kennslufyrirkomulag þar sem nokkrar námsgreinar eru samþættar og unnið er með þema eða áherslutengd verkefni. Íslenskukennarar skipuleggja íslenskuna í Bræðingnum í teymisvinnu en hæfniviðmið úr íslensku eru sett fram í hverri lotu. Fjórar kennslustundir í íslensku eru fyrir utan Bræðing í stundatöflu en þar er unnið með málfræði, orðaforða og bókmenntir.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none">flutt mál sitt skýrt og áheyrulega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	<ul style="list-style-type: none">Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.Nemendur fá þjálfun í hlustun.Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.	<ul style="list-style-type: none">Þátttaka í umræðum og tímavinnu.Upplestur á ljóðum, stuttum textum.
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none">lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans.greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lesturbeitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð	<ul style="list-style-type: none">Lesnir verða fjölbreyttar smásögur og aðrir textar.Unnið verður með bókmenntahugtök.Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.Nemendur lesa og vinna með ljóð, þjálfast í að beita algengum hugtökum í bragfræði.	Lesskilningskannanir. Lesfimiþróf. Verkefni úr Smásagnasmáræði og Sérðu það sem ég sé. Ljóðaverkefni

	<ul style="list-style-type: none"> • þekki og geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum • Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> • Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. • Nemendur prófa sig áfram með skapandi skrifum þar sem unnið er með mismunandi textagerðir. • Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð. 	<p>Ritunarverkefni skrifuð í tölvu. Stafsetningarverkefni og gagnvirkar æfingar. Ritunaræfingar.</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • áttað sig á beygingarlegum qog merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Einkenni og hlutverk orðflokka. • Unnið með orðtök og málshætti, orðanotkun, merkingu orða og orðatiltækja, andheiti og samheiti, krossgátur og fl. • Nemendur fáí þjálfun í orðmyndun og merkingarfræði. 	<p>Verkefni og gagnvirkar æfingar.</p>

Námsgögn:

Málið í mark- sagnorð, Málið í mark - óbeygjanleg orð, Orðhákur 1, Smásagnasmáræði, Sérðu það sem ég sé, Ljóðaverkefni, Ritunarverkefni.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstarfseinkunnum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.